

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
2. fundur 2021 (102. fundur)
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 22.02.2021 kl. 08:15 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Einar Jón Pálsson	skipulagsnefnd
Steinþór Einarsson	"
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sveinn Valdimarsson	skipulagsfulltrúi
Jón B. Guðnason	Landhelgisgæslan
Pétur Bolli Jóhannesson	Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

Kristinn Halldórsson boðaði forföll.

1. Breyting á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar. B svæði, byggingarmagn

Lagt var fram erindi Skipulagsstofnunar, dags. 28.01.2021, þar sem fram kemur að stofnunin geti ekki fallist á að aukning á byggingarmagni á B svæði um 25.000 m² sé óveruleg og því beri að fara með hana sem verulega breytingu samkvæmt 30. – 32. gr. skipulagslaga. Mál þetta var til umfjöllunar á 100. fundi skipulagsnefndarinnar.

Lögð voru fram drög að lýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2013 – 2030, dags. í febrúar 2021. Breytingin varðar auknar byggingarheimildir á öryggisvæðinu (svæði B). Skipulagsnefndin samþykkti drögin.

Lögð voru fram drög í forkynningu að breytingu á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2013 – 2030, dags. í febrúar 2021. Breytingin varðar auknar byggingarheimildir á öryggisvæðinu (svæði B). Skipulagstillagan verður auglýst að aflokinni kynningu á fyrrgreindri lýsingu. Skipulagsnefnd samþykkti drögin.

2. Fylling við flugbrautir og akbrautir. Framlenging á áður útgefnu framkvæmdaleyfi

Lagt var fram erindi Isavia dags. 11.02.2021, þar sem óskað er eftir framkvæmdaleyfi til landmótunar. Skipulagsnefnd hafði áður veitt leyfi til landmótunar sem rann út 31. október 2018. Þar sem verulega dró úr fyrihuguðum framkvæmdum var aðeins óverulegu magni efnis ekið á svæðið.

Skipulagsnefndin samþykkti nýtt framkvæmdaleyfi til áður nefndar landmótunar. Miðað er við að samtals að magni til verði ekki farið fram úr áður gefnu framkvæmdaleyfi. Verkið verði unnið í áföngum þannig að gengið verði á fullnægjandi hátt frá hverjum áfanga fyrir sig með sáningu.

- 3. Svæðisskipulag Suðurnesja. Lýsing á endurskoðun svæðisskipulagsins**
Lögð var fram verk- og matslýsing skipulagsvinnu við endurskoðun svæðisskipulags Suðurnesja 2020 – 2035, dags. í janúar 2021. Helstu áherslur við endurskoðunina eru íbúáþróun, atvinna, auðlindir, veitur og samgöngur, samfélag og loftslagsmál.

Lagt fram og kynnt. Við skipulagsvinnuna þarf að taka tillit til skipulagsreglna Keflavíkurflugvallar.

- 4. Umferðarskipulag norðan Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar**
Kynnt, áfram í vinnslu.

5. Akbraut samsíða Echo

Lagt var fram erindi Isavia, dags. 11.02.2021, þar sem kynnt er nánar framkvæmd við akbraut samsíða Echo. Fyrir liggur samkvæmt álit Skipulagsstofnunar, dags. 22.06.2020, að framkvæmdin sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum framkvæmda. Ennfremur liggur fyrir samkvæmt umsögn skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar, dags. 05.05.2020, að framkvæmdin sé í samræmi við gildandi aðalskipulag Keflavíkurflugvallar og telur nefndin að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun.

Isavia hefur í framhaldinu unnið að undirbúningi framkvæmdarinnar í samræmi við þessa niðurstöðu.

6. Nýtt hlið á þjónustuvegi

Lagt var fram erindi Isavia, dags. 16.02.2021, þar sem kynntar eru hugmyndir að breyttri svæðaskiptingu flugverndar á Keflavíkurflugvelli. Stefnt er að því að skipta svæðinu upp í aðgreint flugvallarsvæði annars vegar og viðkvæmasta haftasvæði flugverndar hins vegar. Endurskoðun á flugverndarsvæði kallar á nýtt starfsmannhlið þar sem skimun fer fram.

Í erindinu eru sýnd drög að staðsetningu og gerð nýs hliðs og er óskað eftir við skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar að byggingarreitur hins nýja mannvirkis sé metinn sem óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Ákveðið var að leita eftir álit Skipulagsstofnunar um hvort um sé að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi.

7. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 22. mars 2021 kl. 08:15 í FLE.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/_layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx